

**AUGLÝSING****um breytingu á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Húsavíkurkaupstaðar nr. 231 31. maí 1978.**

1. gr.

3. málsgrein 26. greinar orðist svo:

Bæjarráð getur leyft að listi, sem fulltrúa á í bæjarstjórn, en ekki í bæjarráði, megi tilnefna bæjarfulltrúa til að sitja fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétti.

Samþykktarbreyting þessi sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1982.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**Jón Sigurpálsson.

10. ágúst 1982.

Nr. 459.

**AUGLÝSING****um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

Einstefnuakstur verður á **Aragötu** til norðurs frá Oddagötu að Sturlugötu. Sömuleiðis á **Oddagötu** til suðurs frá Sturlugötu og síðan til vestrars að gatnamótum við Aragötu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 20. ágúst n.k.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. ágúst 1982.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

Nr. 460.

**REIKNINGUR**

Lífeyrissjóðs bænda.

Tekju- og gjaldareikningur 1981.

<b>ÞÖGJÖLD:</b> .....	kr.	37 167 829,53
Iðgjöld framleiðenda 1981 skv. áætlun .....	—	10 077 000,00
Iðgjöld neytenda 1981 skv. áætlun .....	—	18 603 000,00
Iðgjöld framleiðenda, tilfærsla v/1980 .....	—	÷117 952,69
Eldri iðgjöld .....	—	18 821,05
Iðgjöld launþega .....	—	52 981,95

Iðgjöld vinnuveitenda .....	—	82 183,60
Réttindaflutningur .....	—	÷5 927,50
Framl. Ríkissjóðs Íslands v/lífeyrisgr. ....	—	5 286 123,60
Framl. Stofnlánadeildar landbúnaðarins v/lífeyrisgr. ....	—	3 171 599,52
<hr/>		
<b>LÍFEYRISGREIÐSLUR:</b> .....	kr.	22 884 719,09
Iðgjöld -- lífeyrisgreiðslur .....	—	14 283 110,44
<hr/>		
<b>FRAMLAG UMSJÓNARNEFNDAR EFTIRLAUNA:</b> .....	kr.	8 473,726,62
Framlag vegna eftirlauna .....	—	9 930 843,00
Endurgr. 5% iðgjaldaframlag 1980 .....	—	42 883,62
5% iðgjaldaframlag 1981, áætlað .....	—	÷1 500 000,00
<hr/>		
<b>FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:</b> .....	kr.	12 909 060,91
Vaxtatekjur .....	—	8 335 187,46
Innhcimt vísitölaálag .....	—	4 591 639,95
Fjármagnsgjöld .....	—	÷17 766,50
<hr/>		
<b>SKRIFSTOFU- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR:</b> .....	kr.	511 395,01
Laun .....	—	236 553,60
Annar kostnaður .....	—	274 841,41
<hr/>		
<b>AFSKRIFTIR:</b> .....	kr.	2 387,04
<hr/>		
	Tekjuafgangur kr.	35 152 115,92

### Efnahagsreikningur 31. desember 1981.

#### Eignir:

<b>VELTUFJÁRMUNIR:</b>		
Handbært fé, bankainnstæður .....	kr.	7 479 973,56
Skammtímakröfur .....	—	8 330 502,98
Útstandandi iðgjöld skv. áætlun stjórnar .....	—	7 385 129,37
Ríkissjóður Íslands, viðskiptareikningur .....	—	533 000,00
Umsjónarnefnd eftirlauna, viðskiptareikningur .....	—	412 373,61
<hr/>		
	Veltufjármunir kr.	15 810 476,54
<b>FASTAFJÁRMUNIR:</b>		
Langtímakröfur og áhættufjármunir .....	kr.	130 482 019,37
Skuldabréf, nafnverð .....	—	10 737 917,43
Áfallin byggingarvísitala útreiknuð í sept. 1981 .....	—	31 380 819,66
Skuldabréf, nafnverð .....	—	55 678 273,05
Áfallin lánskjaravísitala útreiknuð í nóv. 1981 .....	—	17 522 242,93
Spariskírteini ríkissjóðs, nafnverð .....	—	3 000 000,00
Verðbreytingarstuðull nafnverðs 0,5832 .....	—	1 749 600,00
Skuldabréf, óverðtryggð .....	—	10 413 166,30
<hr/>		
Varanlegir fjármunir .....	kr.	13 219,53
Skrifstofuáhöld og húsgögn .....	—	19 096 33
+ Fyrningar .....	—	÷5 876,80
<hr/>		
	Eignir samtals kr.	146 305 715,44

## Skuldir og eigið fé:

## EIGIÐ FÉ:

Höfuðstóll 1. janúar 1981 .....	kr.	81 824 804,13
Endurmat verðbréfa 31. des. 1981 .....	—	29 328 795,39
Tekjuafgangur .....	—	35 152 115,92

---

Eigið fé samtals kr. 146 305 715,44

Reykjavík, 19. febrúar 1982.

Pétur Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Við undirritaðir, sem erum skipaðir endurskoðendur skv. 4. gr. laga um Lífeyris-  
sjóð bænda, höfum endurskoðað framanskráðan tekju- og gjaldareikning 1981 og  
efnahagsreikning 31. desember 1981, sem samdir eru eftir bókhaldi sjóðsins. Tilgreind  
skuldabréf og bankainnstæður eru fyrir hendi.

Reykjavík, 19. febrúar 1982.

Vigfús Gunnarsson, Einar Sverrisson.  
lökk. endurskoðandi.

9. ágúst 1982.

Nr. 461.

## AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 31 2. febrúar 1982.**

1. gr.

1. málsgrein 3. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 3,54 fyrir hvern rúmmetra  
vatns.

2. gr.

1. málsgrein 4. gr. orðist þannig:

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr.  
7,10 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Einnig skal greiða í afgreiðslugjald kr. 71 ef vatnið er afgreitt á virkum dögum kl.  
8—17, en kr. 142 ef afgreiðsla fer fram á öðrum tíma

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923  
staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. ágúst 1982.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir*